



24. stjórnarfundur LH  
26. janúar 2022 kl. 20:00  
Fjarfundur

**Mætt:** Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Siguroddur Pétursson, Sóley Margeirsdóttir, Hákon Hákonarson, Ómar Ingi Ómarsson og Aníta Aradóttir.

**Fjarverandi:** Eggert Hjartarson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, Einar Gíslason, Lilja Björk Reynisdóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 23. fundar

2. Aðalfundur HÍDÍ

Hestaíþróttadómarafélag Íslands (HÍDÍ) hélt aðalfund 4. janúar sl. Á fundinum voru launakjör dómara ákveðin eins og lög félagsins gera ráð fyrir. Þar var samþykkt tillaga stjórnar um að hækka alla launataxta dómara um 1.500 kr., sem samsvarar 33-50% hækkun á tímagjaldi, akstur var gerður gjaldfrjáls allt að 250 km. á hvert mót. Þetta þýðir að dómara munu ekki rukka sérstaklega fyrir akstur undir 250 km. Að auki voru gerðar aðrar breytingar á taxta svo sem er snúa að útköllum dómara.

Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri LH ásamt formanni keppnisnefndar funduðu í kjölfarið með formanni og gjaldkera HÍDÍ og báðu um útskýringar á þessari hækkun. Á fundinum kom fram að um leiðbeinandi taxta væri að ræða en félög gætu alltaf leitað eftir tilboðum í dómgaeslu.

Eftir að hafa leitað ráða hjá laganefnd LH lagði LH til við stjórn HÍDÍ að boðað yrði til félagsfundar HÍDÍ þar sem hækkun á launataxa væri tekin til endurskoðunar í ljósi þess að LH hefur sett á stofn jöfnunarsjóð til að mæta ferðakostnaði dómara og í ljósi þess að um verulega hækkun á launum dómara væri að ræða. Einnig væri eðlilegt að hækkun á taxta væri gerð í samráði við verkkaupa, sem er LH f.h. hestamannafélaganna. Stjórn HÍDÍ hafnaði þeirri beiðni.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að upplýsa félögin um hækkun á launataxta dómara svo mótshaldarar geti gert raunhæfar fjárhagsáætlanir.

3. Samantekt um jöfnunarstyrk v. ferðakostnaðar dómara

Umsóknir um jöfnunarstyrk v. ferðakostnaðar dómara 2021 voru 8 alls, og fjárhæð hverrar umsóknar á bilinu 25.000-135.600, meðalfjárhæð umsókna 78.861. Á fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var gert ráð fyrir 2.000.000 kr. í jöfnunarsjóð. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri tóku umsóknir til umfjöllunar, allar voru samþykktar. Heildarfjárhæð 630.889.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að senda aðildarfélögum upplýsingar um úthlutun úr jöfnunarsjóði vegna ferðakostnaða dómara og benda þeim á að við úthlutun árisins 2022 verði beðið um reikning frá dómurum þar sem ferðakostnaður er tilgreindur sérstaklega.



4. LH félagi ársins

Óskað er eftir að hvert félag tilnefni einn félagsmann sem félaga ársins hjá LH ásamt rökstuðningi fyrir valinu. Jafnframt hvetjum við félögin til að verðlauna þann einstakling sem félaga ársins innan síns félags. Óháð nefnd velur úr tilnefningum fimm aðila sem verða allir tilnefndir sem LH félagi ársins og kosið verður um í netkosningu.

Lagt er til að nefndina skipi: Framkvæmdastjóri, formenn æskulýðsnefndar og keppnisnefndar, Lilja og Gréta úr stjórn.

*Afgreiðsla: Samþykkt.*

5. Fundarferð stjórnar

Fundir haldnir á Höfuðborgarsvæðinu, Borgarnesi, Blönduósi, Akureyri, Selfossi. Tveir Teams-fundir, með félögum á Austurlandi og Vestfjörðum. Fyrsti fundur verður í lok febrúar og svo einn á viku næstu 4 vikur.

*Afgreiðsla: Samþykkt.*

6. Skipun fulltrúa LH í stjórn Sportfengs – Oddur Hafsteinsson

Samkvæmt 6. grein samnings RML, LH og erlendra notenda Sportfengs, ber að skipa 3ja manna stjórn Sportfengs, skipuð einum fulltrúa frá LH, einum fulltrúa frá RML og einum fulltrúa frá erlendum notendum. Hlutverk stórnarinnar er:

- a) To manage subscription agreements between the project and FEIF member Associations
- b) To manage the financing of the project, including the authority to review the registration fee, cf. article 7. However, the board does not have the authority to make decisions that involve financial commitments for RML and LH in any way
- c) To approve or reject an application from a FEIF member Association to participate in the project
- d) To accept or reject data into SportFeng's database and the authority to decide on data differences
  
- e) Maintain rules about accessibility and use of SportFengur
- f) The board does not have the authority to change this Agreement except where the content of this Agreement/contract provides
- g) The board is always responsible to RML, LH and other FEIF member Associations
- h) Decisions of the board must be unanimous in order to take effect
- i) The board shall ensure an Agreement is made with the FEIF member Associations that become participants of the project
- j) The board assigns roles

Lagt er til að fulltrú LH verði Oddur Hafsteinsson úr tölvunefnd LH.

*Afgreiðsla: Samþykkt.*

7. Feif-þing – kosningar og atkvæðagreiðslur



Framboð til fastanefnda FEIF liggja fyrir. Sjálfkjörið er í allar nefndir nema ræktunarnefnd og sportnefnd.

*Afgreiðsla: Rætt um kosningar, umfjöllun um atkvæðagreiðslur um breytingartillögur frestað. Fulltrúum LH á þinginu falið að fara yfir tillögurnar þegar álit þeirra sem tillögunum var vísað til liggur fyrir.*

8. Umsögn LH um frv. til laga um breyt. á l. um velferð dýra, nr. 55/2023 (bann við blóðmerahaldi)

Landssamband hestamannafélaga tekur undir yfirlýsingu alþjóðasamtaka íslenska hestins, FEIF, (<https://www.feif.org/2021/11/24/feif-statement/>) og fordæmir slæma meðferð á hryssum við blóðtöku, styður ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (e. European Commission) um að stöðva innflutning og framleiðslu á PMSG og styður aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stöðva blóðtöku úr hryssum á Íslandi.

*Afgreiðsla: Umsögn var send til nefndasviðs Alþingis þann 13. janúar.*

9. Ráðning aðstoðarþjálfara A-landsliðs

*Samþykkt milli funda: Ísólfr Línal Þórisson hefur verið ráðinn aðstoðarþjálfari A-landsliðshóps LH.*

10. Sameining hestamannafélaga í Uppsveitum

Hestamannafélögin Logi, Smári og Trausti hafa verið sameinuð í eitt félag, Hestamannafélag Uppsveitna. Hið nýja félag hefur fengið bráðabirgðaaðild að Héraðssambandinu Skarphéðni. Félagið var stofnað 1. júlí 2021. Formleg inntökubeiðni félagsins verður tekin fyrir á næsta héraðsþingi HSK sem verður væntanlega haldið í mars. HSK gerir ekki athugasemdir við lög félagsins. Lögin hafa þegar verið send til ÍSÍ til umsagnar og staðfestingar.

*Afgreiðsla: LH samþykkir aðild Hestamannafélags Uppsveitanna að LH. Félagatal Hestamannafélags Uppsveitanna samanstendur af félagatali Loga, Smára og Trausta sem hafa verið lögð niður.*

11. Önnur mál

a. *Afsögn stjórnarmanns:*

Bréf hefur borist frá Eggerti Hjartarsyni, aðalmanni í stjórn LH, þar sem hann segir sig úr stjórn LH og frá öðrum störfum sem hann hefur gegnt fyrir LH. Ákvörðun þessi er tekin af persónulegum ástæðum og breyttum aðstæðum hjá honum.

Einar Gíslason, fyrsti varamaður í stjórn LH tekur sæti sem aðalmaður.

b. *Breytingar á fyrri Landsþingum sem ekki hafa verið færðar inn í lög og reglur LH.*

Borist hefur ábending um að þær breytingar sem samþykktar voru á Landsþingi 2012 hafi ekki verið færðar inn í lög og reglur LH og séu ekki þar í dag. Fleiri tilvik hafa fundist þar sem samþykktir á öðrum Landsþingum hafi ekki verið færðar inn í lögin. Lesa þarf í gegnum gamlar þinggerðir og bera samþykktir saman við núgildandi lagaskjal og safna saman þessum frávikum, með yfirstandandi endurskoðun laga og reglna LH í huga.



c. *Nefndafundir* voru haldnir á fjarfundum dagana 13.-15. janúar. Fundirnir þóttu heppnast vel og voru afar gagnlegir. Ekki náðist að funda með mannvirkjanefnd.

d. *Reiðveganefnd átti fund með Vegagerðinni*. Svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi, hefur verið falið að vinna með LH reiðvegahandbókina og drög að samkomulagi við LH. Verður kynnt fljótlega upp úr mánaðamótum.

*Fundi slitið kl. 21.17*